

Fundargerð 115. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 02. mars 2017, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigrún Árnadóttir boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Sala eigna - staða*

a. *Bogatröð 17*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð sem barst í Bogatröð 17 frá Eldfast ehf.

Stjórn samþykkti tilboð Eldfast í Bogatröð 17.

3. *Forleiguréttur að lóðum*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu vegna forleiguréttar á lóðum undir gagnaver á Ásbrú.

Stjórn samþykkti að gera samning við Lotu verkfræðistofu vegna forleiguréttar á Vogshóli 6 og Vogshóli 8 á Ásbrú undir gagnaver.

4. *Yfirlýsing vegna Fitjalínu 2*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn erindi Lögmanna Höfðabakka fyrir hönd Landsnets vegna lagningu Fitjalínu 2. Stjórn felur framkvæmdastjóra að að ræða frekar við Lögmenn Höfðabakka og Landsnet vegna Fitjalínu 2.

5. *Önnur mál*

Ekkert var rætt undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í apríl 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.38



Fjóla Hrund Björnsdóttir